

# Meðferð í nýrnasteinbrjóti í svæfingu

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölni er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum. Meðferðin er ekki ætluð ófrískum konum.

## Undirbúningur fyrir meðferð

- Hætta þarf tímanlega allri blóðþynningu í samráði við hjúkrunarfræðing.
- Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi það sem eftir er dags. Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann en óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Vegna áhrifa lyfja sem gefin eru í meðferðinni má ekki aka bíl fyrr en daginn eftir, því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

## Meðferðardagur

Mæta í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölni á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð.

Meðferðin er gerð í svæfingu og tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Sjúklingurinn leggst á sérstakan bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Einnig er gefinn vökvi í æð og fylgst með blóðþrýstingi, hjartslætti og súrefnismettun. Að lokinni meðferð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan tekur við stutt dvöl á deild 11A. Útskrift er áætluð samdægurs.

## Útskrift

### Verkir

Nauðsynlegt er að eiga verkjalyf til að taka ef þörf er á. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að minnka magn vökva sem drukkinn er því hann getur aukið verkina.

### Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu dagana eftir meðferð, helst um tvo lítra á dag.

### Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga.

### Vinna

Ráðlegt er að hvílast meðferðardaginn.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### Hafa þarf samband við bráðamóttöku ef:

- Hiti er hærrí en 38°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja

Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins snúa sér til sinnar heilsugæslu eða heimilislæknis.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.